

15. Stjórnarfundur Landssambands ungmennafélaga

9. janúar 2018, Hitt Húsið, Reykjavík kl. 18:10

Mætt eru: Laufey María Jóhannsdóttir (LMJ), Una Hildardóttir (UH), Marinó Örn Ólafsson (MÖÓ), Ragnheiður Kristín Finnbogadóttir (RKF) og Páll Marís Pálsson (PMP), ásamt Tinna Isebarn (TI) frkvstj.

Fundur settur 18:10

Fundarstjóri: LMJ

Dagskrá:

1. **Fundargerð 14. stjórnarfundar** var samþykkt.
2. **Upplýsingar frá framkvæmdastjóra:**
 - a. TI fór yfir uppfærðan verkefnalista.
3. **Húsnæðismál:** Flutningar munu standa yfir vikuna 14.-18. janúar. Síðasti vinnudagur starfsfólks HH í Pósthússtræti er 18. janúar. Mánudaginn 21. Janúar hefst starfsemin á Rafstöðvarvegi. Stjórn bíður eftir að fá drög að leigusamningi og vonast eftir því að hann fyrir næsta stjórnarfund.
4. **Félagi ársins:** LMJ skýrir framvinduna fyrir stjórn. Stefnt er að halda viðburðinn viku fyrir þing eða þann 15. febrúar.
 - a. Beiðni frá skipulagsnefndinni: IET óskar eftir fjármagni til þess að kaupa verðlaun og fleira. Stjórn samþykkir að IET sendi fjármagnsbeiðni vegna útgjalda á MÖÓ sem tekur afstöðu til þeirra.
5. **Kærumálið:** LMJ upplýsti um stöðu mála.
6. **Stefnuályktun** um sjálfstæði ungs fólks fer fyrir 4. fulltrúaráðsfund 23. janúar.
7. **Alþjóðamál:**
 - a. „UN Youth Delegation Programme“: TI upplýsir stjórn um stöðu mála. Búið er að senda beiðni á utanríkisráðuneytið og beðið er eftir svörum. Lagt til að kosið verði um fulltrúa til að fara á allsherjarþingið í september á sambandsþingi í febrúar. Ef ekki tekst að kjósa á sambandsþingi verður það gert á fyrsta fulltrúaráðsfundi á næsta starfsári.
 - b. „The General Assembly of The European Youth Forum“: RKF greinir frá skýrslu sinni til stjórnar um þingið.
8. **4. Fulltrúaráðsfundur:**
 - a. Áætlað var að halda fundinn 15. janúar, en TI leggur til að fresta honum til 23. janúar til að hafa meiri tíma til undirbúnings og var sú tillaga samþykkt. TI var falið að senda út fundarboð á morgun.
 - b. Gögn sem fara fyrir ráðið fyrir sambandsþing:
 - i. RKF tekur að sér að ljúka við drög að verk- og vinnulagsreglum alþjóðanefndar til að leggja fram til samþykktar á næsta stjórnarfund.
 - ii. Stjórnmalanefnd: UH ber ábyrgð á að boða formann UVG á fund fyrir 23. janúar.
 - iii. TI kynnir reglugerð um leiðtogaskólann á næsta stjórnarfund.
9. **Bókhald:** TI er falið að senda fráfarandi bókara þakklætisvott. Stjórn felur TI og MÖÓ að ráða nýjan bókara.

- 10. Starfsmannamál:** Vegna mistaka hjá Landsbankanum samþykkir stjórn að greiða í séreignarsjóð fyrir árið 2018 í janúar.
- 11. Fjármögnun skuggaþings:** Óskað hefur verið eftir fjármagni frá Reykjavíkurborg og mennta- og menningarmálaráðuneytinu. TI er falið að sækja um í Erasmus+.
- 12. Næstu stjórnarfundir:**
- a. Vinnuhelgi 18.-20. janúar + 16. stjórnarfundur 19. janúar.
 - b. 17. stjórnarfundur: 5. febrúar.
 - c. 18. stjórnarfundur: 19. febrúar.
- 13. Önnur mál:** Engin bárust.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 19:56

UH ritaði fundargerð.